



Borgarráð

Efling menntunar og stuðnings við börn af erlendum uppruna í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík

Lagt er til að borgarráð samþykki að tillögur í meðfylgjandi minnisblaði sviðstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 8. janúar 2024 verði innleiddar í áföngum.

Tillaga að útfærslu fjárveitinga niður á kostnaðarstaði verður lögð fram í sérstökum viðauka ásamt umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs. Framlöggin verða útfærð sem breyting á gildandi úthlutunarlíkani grunnskólanna, Eddu, eftir því sem kostur er. Alls er gert ráð fyrir að kostnaður verði 195 mkr á árinu 2024 og 341,8 mkr árið 2025. Fjármagn komi af liðnum ófyrirséð.

Greinargerð:

Íbúum með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn hefur fjölgað undanfarin ár og áratugi og þeir sest að í öllum hverfum borgarinnar. Talsverður munur er á íbúasamsetningu milli einstakra hverfa og borgarhluta hvað þetta snertir. Þessi breyting á íbúasamsetningu felur í sér áskoranir og tækifæri í skóla- og frístundastarfi. Fjölgunin, meðal annars í hópi flóttafólks, kallar á meiri stuðning í skóla- og frístundastarfi.

Á undanförunum árum hefur orðið mikil fjölgun í hópi barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn í skólum og frístundastarfi í Reykjavík. Í leikskólum fjölgaði börnum úr 1439 árið 2020 í 1.646 árið 2023. Á hvert flytja á bilinu 150 til 170 börn til landsins á grunnskólaaldri og hefja skólagöngu í Reykjavík. Í grunnskólum fjölgaði börnum með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn úr 2.766 árið 2020 í 3.592 árið 2023. Á síðastliðnum tveimur árum hefur fjölgun í hópi flóttamanna bæst við þann hóp. Á árunum 2021 til 2023 voru 148 börn með stöðu flóttafólks í leikskólum og 402 börn með stöðu flóttafólks í grunnskólum. Börn með fötlun er sístækkandi hópur í grunnskólum og telst vera um 45 börn, þar af 9 sem eru í Klettaskóla og 9 í tákmarksdeild Hlíðaskóla. Ætla má að þróunin haldi áfram á komandi árum og fjölga muni börnum með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn í leikskólum, grunnskólum og í frístundastarfi í Reykjavík.

Tillögurnar sem lagt er til að innleiddar verði mæta markvisst þeim verkefnum sem brýnust eru í grunnskólum borgarinnar vegna barna með annað móðurmál en íslensku. Reykjavík býr við þá sérstöðu að fá ekki sérstök framlög úr Jöfnunarsjóði vegna barna með annað móðurmál en íslensku. Engu að síður hefur umtalsverður stuðningur verið innleiddur og aukinn undanfarin ár.

- Á SFS starfa tveir verkefnastjórar fjölmenningar sem hafa það hlutverk að hafa yfirsýn yfir málefni barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn auk þess að virka sem tenglar SFS við VEL, ráðuneyti, ríkisstofnanir og aðra aðila og stofnanir sem



koma að málefnum barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Þá hafa þeir starfað með kennsluráðgjöfum og brúarsmiðum í MML að ráðgjöf til starfsmanna, verið með fræðslu til starfsmanna og nemenda og auk þess sem þeir hafa stýrt aðkomu skrifstofu SFS að leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi vegna málefna barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

- Velkomin í hverfið þitt móttökuáætlun leik- og grunnskóla með aðkomu þjónustumiðstöðvar og frístundastarfs. 1439 1498 1669 1646 25 63 64 2020 2021 2022 2023 Fjölging börn þ.a með stöðu flóttafólks 2766 2732 3026 3592 69 196 137 2020 2021 2022 2023 Fjölging börn þ.a með stöðu flóttafólks
- Stöðumat fyrir nýkomna nemendur (Sænska matstækið) tekið í notkun en það metur færni barns á eigin móðurmáli og/eða á því tungumáli sem barnið er sterkast í.
- Miðja máls og læsis þar sem starfa 2 kennsluráðgjafar með sérþekkingu í móttöku, aðlögun og kennslu í íslensku sem öðru máli auk þess sem þeir hafa stýrt og leiðbeint starfsstöðvum varðandi stöðumat fyrir nýkomna nemendur.
- Brúarsmiðir í þrem stöðugildum sem tala arabísku og kúrdísku, pólsku, filippseysku og úkraínsku starfa í Miðju máls og læsis.
- Stoðdeild Birtu fyrir börn í leit að alþjóðlegri vernd.
- Íslenskuver í öllum borgarhlutum fyrir börn í 5. – 10.bekk sem eru nýflutt til landsins. Hvert íslenskuver getur sinnt 20 börnum á hverjum tíma.
- Skólaúrræði fyrir nemendur frá Úkraínu sem eru búsett í í tímabundnu húsnæði. • Gjaldfrjáls frístund fyrstu þrjá mánuðina sem barn er á Íslandi.
- Fjárveitingar til leik- og grunnskóla vegna kennslu í íslensku sem öðru tungumáli (fjárveitingar hafa ekki verið tengdar launavísitölu).
- Ýmis námskeið fyrir starfsfólk leik- og grunnskóla og frístundar til þess að stuðla að markvissri íslensku 2 kennslu og fjölmenningarlegum starfs- og kennsluháttum.

Þrátt fyrir þessi verkefni og aukna stuðning er það eindregið mat skóla- og frístundasviðs að auka þurfi við stuðning við einstök börn og tungumálahópa, auka framlög til skóla með hverju barni og styrkja kennsluráðgjöf í íslensku svo dæmi séu tekin. Liggja því fyrir meðfylgjandi tillögur að einstökum þáttum í því. Gert er ráð fyrir að tillögurnar verði innleiddar í áföngum, sbr. fyrirbyggjandi minnisblað.

- Stuðningsteymi vegna barna á flótta með mikla áfallasögu
- Ráðning spænskumælandi brúarsmiðs í Miðju máls og læsis
- Kennsluráðgjafar í íslensku sem öðru máli í allar miðstöðvar
- Viðbótar stöðugildi inn í fjögur íslenskuver



Reykjavíkurborg

- Úthlutun í ísl2 hækkun í 170 þús. pr. barn
- Sundkennsla barna á mið- og unglíngastígi sem eru ósynd
- Túlkapottur

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Minnisblað sviðstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 8. janúar 2024.



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur

Efni: Efling menntunar og stuðnings við börn af erlendum uppruna í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík.




Reykjavíkurborg hefur á undanförnum árum fengið á sig fjölmennningarlegan blæ. Íbúum með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn hefur fjölgað og þeir sest að í ýmsum hverfum borgarinnar. Þrátt fyrir vilja borgaryfirvalda til jafnrar dreifingar þá er talsverður munur í íbúasamsetningu milli einstakra hverfa og borgarhluta. Þessi breyting á íbúasamsetningu felur í sér áskoranir og tækifæri í skóla- og frístundastarfi. Fjölgunin, þá sérstaklega í hópi flóttafólks, kallar á meiri stuðning í skóla- og frístundastarfi. Hér á eftir verður fjallað um helstu atriði sem skipta máli til eflingar menntunar barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn og þær áskoranir sem stjórnendur menntamála standa frammi fyrir.

Á undanförnum árum hefur orðið mikil fjölgun í hópi barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn í skólum og frístundastarfi í Reykjavík. Í leikskólum fjölgaði börnum úr 1439 árið 2020 í 1.646 árið 2023. Á hvert flytja á bilinu 150 til 170 börn til landsins á grunnskólaaldri og hefja skólagöngu í Reykjavík. Í grunnskólum fjölgaði börnum með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn úr 2.766 árið 2020 í 3.592 árið 2023. Á síðastliðnum tveimur árum hefur fjölgun í hópi flóttamanna bæst við þann hóp. Á árunum 2021 til 2023 voru 148 börn með stöðu flóttafólks í leikskólum og 402 börn með stöðu flóttafólks í grunnskólum. Börn með fötlun er sístækkandi hópur í grunnskólum og telst vera um 45 börn, þar af 9 sem eru í Klettaskóla og 9 í táknaðsdeild Hlíðaskóla.


Ætla má að þróunin haldi áfram á komandi árum og fjölga muni börnum með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn í leikskólum, grunnskólum og í frístundastarfi í Reykjavík.

Þá hafa niðurstöður rannsókna sýnt að styrkja þarf enn betur menntun og stuðning við skóla- og frístundastarf barna af erlendum uppruna til að tryggja stöðu þeirra í menntakerfinu. Í skóla- og frístundastarfi borgarinnar blasa við ýmsar áskoranir. Þar má nefna börn með mikla áfallasögu, sem þurfa sértækan stuðning inn í skóla- og frístundastarf, að mæta börnum með fjölbreyttar þarfir og foreldrasamstarf við fjölbreyttan hóp barna


Fjöldi barna 0-18 ára sem fengu stöðu flóttafólks 2023 – fjöldi, upprunaland og dreifing á milli hverfa.



Fjöldi barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn í leikskólum.



Fjöldi barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn í grunnskólum.



Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar hefur á undanförunum árum komið á laggirnar margskonar úrræðum og stuðningi sem er ætlað að styðja við börn og starfsstöðvar. Á meðal þess sem helst mætti nefna:

- Á SFS starfa tveir verkefnastjórar fjölmenningar sem hafa það hlutverk að hafa yfirsýn yfir málefni barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn auk þess að virka sem tenglar SFS við VEL, ráðuneyti, ríkisstofnanir og aðra aðila og stofnanir sem koma að málefnum barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Þá hafa þeir starfað með kennsluráðgjöfum og brúarsmiðum í MML að ráðgjöf til starfsmanna, verið með fræðslu til starfsmanna og nemenda og auk þess sem þeir hafa stýrt aðkomu skrifstofu SFS að leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi vegna málefna barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.
- *Velkomin í hverfið þitt* móttökuáætlun leik- og grunnskóla með aðkomu þjónustumiðstöðvar og frístundastarfs.

- Stöðumat fyrir nýkomna nemendur (Sænska matstækið) tekið í notkun en það metur færni barns á eigin móðurmáli og/eða á því tungumáli sem barnið er sterkast í.
- Miðja máls og læsis þar sem starfa 2 kennsluráðgjafar með sérþekkingu í móttöku, aðlögun og kennslu í íslensku sem öðru máli auk þess sem þeir hafa stýrt og leiðbeint starfsstöðvum varðandi stöðumat fyrir nýkomna nemendur.
- Brúarsmiðir í þrem stöðugildum sem tala arabísku og kúrdísku, pólsku, filippseysku og úkraínsku starfa í Miðju máls og læsis.
- Stoðdeild Birtu fyrir börn í leit að alþjóðlegri vernd.
- Íslenskuver í öllum borgarhlutum fyrir börn í 5. – 10. bekk sem eru nýflutt til landsins. Hvert íslenskuver getur sinnt 20 börnum á hverjum tíma.
- Skólaúrræði fyrir nemendur frá Úkraínu sem eru búsett í í tímabundnu húsnæði.
- Gjaldfrjáls frístund fyrstu þrjá mánuðina sem barn er á Íslandi.
- Fjárveitingar til leik- og grunnskóla vegna kennslu í íslensku sem öðru tungumáli (fjárveitingar hafa ekki verið tengdar launavísitölu).
- Ýmis námskeið fyrir starfsfólk leik- og grunnskóla og frístundar til þess að stuðla að markvissri íslensku 2 kennslu og fjölmennningarlegum starfs- og kennsluháttum.

Í ljósi þessara fjölgunar meðal nýrra barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn og þá sérstaklega þeirra barna sem eru með flóttamannabakgrunn, hefur skóla- og frístundasvið ekki bolmagn til að þjónusta þennan fjölbreytta og sístækkandi hóp með viðunandi hætti. Þörf er á að bæta við þá þjónustu og styrkja innviði enn frekar. Eftirfarandi eru tillögur að leiðum til að mæta þessari þróun.

Verkefni 1: Stuðningsteymi vegna barna á flóttu með mikla áfallasögu

Skólaganga barna með stöðu flóttafólks, hvort heldur sem er í leikskóla eða grunnskóla, er að mörgu leyti mjög frábrugðin skólagöngu annarra barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Börn sem koma inn í skólakerfið eftir að hafa flúið stríð og/eða verið á flóttu í langan tíma, hafa mörg hver áfallasögu að baki og jafnvel rofna grunnskólagöngu. Leik- og grunnskólar eru griðastaðir þessara barna og þarf skólasamfélagið að getað mætt þessum hópi barna af sérstakri alúð, festu og næmni. Áföll hafa áhrif á námsgetu og hegðun barna og því er mikilvægt að skólarnir búi að verkfærum til að þekkja vandann og faglegru ráðgjöf til að bregðast við. Lagt er til að komið verð á stuðningsteymi sem skipað er þremur aðilum þar sem unnið verður á fjölbreyttan hátt innan veggja skóla- og frístundastarf með börnunum. Teymið myndi vinna með viðkomandi barni sem og starfsmönnum til að mæta börnunum á þeim stað sem þau eru stödd.

Upphafsdagsetning ráðninga: 1. ágúst 2024

Fjöldi stöðugilda: 3 stöðugildi (sálfræðingur/þroskajálfi/listþerapía/atferlisfræðingur)

Kostnaður: 2024 fyrir ágúst til desember 17,4 m.kr

Kostnaður 2025 og 2026, 41,7 m.kr. fyrir hvert ár


Verkefni 2: Ráðning spænskumælandi brúarsmiðs í Miðju máls og læsis

Fyrstu brúarsmiðir Miðju máls og læsis hófu störf í byrjun október 2017 og hafa þeir sinnt stuðningi við börn á móðurmáli þeirra og veitt ráðgjöf og fræðslu til foreldra um íslenska skóla- og frístundakerfið, til kennara og starfsfólks í skóla- og frístundastarfi um fjölmenningu, menningarnæmi og tungumálastefnu. Þeir eru mikilvægir hlekkir í teymisstarfi Miðju máls og læsis.

læsis og í allri vinnu SFS varðandi móttöku og kennslu barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Þeir sitja í fjölmeningarteymi SFS og eru í samstarfi við aðra sérfræðinga þ.m.t á Menntavísindasviði Háskóla Ísland í tengslum við fjölyngi og fjölmenningu. Hlutverk brúarsmiðs er að styðja foreldra og börn á leið þeirra inn í skóla- og frístundastarf Reykjavíkurborgar.

Árið 2017 var ráðið í eina stöðu filippseyksku mælandi brúarsmiðs, 60% stöðu pólskumælandi brúarsmiðs og 40% stöðugildi arabískumælandi brúarsmið. Árið 2021 var hækkun á stöðugildi arabískumælandi starfsmanns í 80% og pólskumælandi í 70%. Árið 2022 fór filippseyksku mælandi brúarsmiðurinn niður í 50% starfshlutfall og ráðinn var úkraínsku mælandi brúarsmiður í 100% starf til að mæta þeim mikla fjölda úkraínska flóttamanna sem komu til landsins. Hins vegar er ljóst, að vegna m.a. aukins fjölda flóttamanna frá Venesúela, er spænska orðið fjórða algengasta tungumál sem er talað í leik- og grunnskólum í Reykjavík. Í ljósi þessa teljum við brýna þörf að mæta þeim málhópi og leggjum til að ráðið verði í 100% stöðu spænskumælandi brúarsmiðs til a.m.k. þriggja ára.

Tungumál töluð í grunnskóla Reykjavíkur 2022



Ráðningartímabil: 1. ágúst 2024 – 31. desember 2026.

Fjöldi stöðugilda: 1 stöðugildi

Kostnaður: 2024 fyrir ágúst til desember 6,1 m.kr.

Kostnaður 2025 og 2026, 14,5 m.kr. fyrir hvert ár

Verkefni 3: Kennsluráðgjafar í íslensku sem öðru máli í allar miðstöðvar

Mikil þörf er á kennsluráðgjöf og eftirfylgd vegna kennslu í íslensku sem öðru tungumáli því stuðla þarf betur að fjölmennningarlegum og inngildandi starfs- og kennsluháttum. Kennarar í leik- og grunnskólum kalla ítrekað eftir stuðningi vegna barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn sem og starfsfólk í frístundastarfi. Efla þarf kennara sem kenna íslensku annað tungumál, bekkjarkennara sem eru með fjölbreytta nemendahópa og málörvunarkennara í leikskóla. Einnig þarf starfsfólk í leikskólum og frístundastarfi mikla fræðslu um leiðir í vinnu í fjölbreyttum barnahópi, auk þess sem þörf er fyrir eftirfylgd og handleiðslu fyrir starfsfólk. Með því er hægt að koma betur til móts við stækkandi hóp barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Góð móttaka og góður stuðningur á fyrstu árunum eftir flutning til landsins skiptir börn meginmál. Það hefur sýnt sig að þau börn sem ná færni í íslensku fljótt gengur betur í námi og verða virkari þátttakendur í frístunda- og tómsundastarfi og aðlagast nýju samfélagi betur.

Lagt er til að í skóla- og frístundaþjónustu í hvefarr borgarmiðstöð verði einn sérfræðingur sem sinni báðum skólastigum og frístundastarfinu varðandi kennslu í íslensku sem öðru tungumáli, og fjölmennningarlega starfs- og kennsluháttum til að stuðla að inngildinu barnanna.

Upphafsdagsetning ráðninga: 1. maí 2024.

Fjöldi stöðugilda: Fjögur stöðugildi

Kostnaður 2024 fyrir maí - desember: 38,9 m.kr.

Kostnaður 2025 og 2026 58,3 m.kr. fyrir hvert ár.

Verkefni 4: Viðbótar stöðugildi inn í fjögur íslenskuver

Íslenskuver er tímabundið þjónusta fyrir nemendur í 5. – 10. bekk sem eru að flytja nýir til landsins og þurfa stuðning til að ná grunnþekkingu í íslensku og íslenskum skólaorðaforða. Nemendur eru skráðir í heimaskóla sinn og foreldrum kynnt úrræði íslenskuversins og þeim boðið að sækja um fyrir börn sín. Hver nemandi fær einstaklingsmiðaða námskrá þar sem hann tekur bæði þátt í íslenskuveri sem og í námi með bekkjafélögum í sínum heimaskóla. Fyrstu íslenskuverin voru sett á stofn haust 2021 og frá hausti 2022 eru starfrækt fjögur íslenskuver, eitt í hverjum borgarhluta.

Íslenskuverin getað tekið við allt að 20 nemendum hverju sinni. Forgangsröð inn í íslenskuverin byggir á aldri nemenda, þar sem eldri nemendur ganga fyrir þeim yngri. Einnig njóta þau börn forgangs sem eru með tónmál og/eða ekki með latneska leturgerð. Frá hausti 2022 hefur myndast biðlisti í öllum fjórum íslenskuverum og verið ákall frá skólastjórnendum um að getað þjónustað miðstigið betur. Ljóst er að miðað við fjölgun barna verður áframhaldandi aukin þörf á íslenskukennslu og stuðningi þegar þau stíga sín fyrstu skref inn í íslenskt skólakerfi. Lagt er til að lágmarki verði ráðinn einn viðbótarstarfsmaður í hvert íslenskuver. Það er einungis til að mæta þessari fyrirliggjandi fjölgun barna. Tekið er fram að þrátt fyrir aukninguna verður að öllum líkindum ekki mögulegt að sinna öllum þeim börnum sem komið hafa til landsins og eru nú á biðlistum. Stöðu verkefnisins þarf því að meta í ársbyrjun 2025.

Upphafsdagsetning ráðninga: 1. ágúst 2024.

Fjöldi stöðugilda: Fjögur stöðugildi

Kostnaður 2024 frá ágúst til desember: 23,9 m.kr.

Kostnaður á ári 2025 og 2026, 57,5 fyrir hvort ár.

Verkefni 5: Úthlutun í ísl2 hækkun í 170 þús. pr. barn

Nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn þurfa á faglegri íslenskukennslu að halda til að getað stundað nám í íslensku skólasamfélagi. Í desember 2020 var samþykkt að hækka úthlutun vegna kennslu í íslensku sem öðru máli upp í 130.000 kr. á ári pr. barn. Sama ár fengu öll sveitarfélög fyrir utan Reykjavíkurborg úthlutað úr Jöfnunarsjóði samband íslenskra sveitarfélaga vegna íslensku sem annars tungumál 150.000 kr. á ári pr. barn. Á síðastliðnum tveimur árum hefur þessi fjárhæð hækkað í 150.000 kr, hjá borginni. Jöfnunarsjóður hefur hækkað framlag sitt upp í 170.000 á sama tíma. Á tímabilinu desember 2020 til desember 2022 hefur almenn launavísitala hækkað um 21%.

Lagt er til að úthlutun vegna kennslu í íslensku sem öðru máli hækki úr 150.000 í 170.000 kr. pr. barn til samræmis sem skólar í öðrum sveitarfélögum fá til þess að styðja við nám og menningaraðlögun barnanna.

Fjöldi barna með fjármögnun 2024 er 3.376 sem þarf að hækka um 20 þúsund. Fjölgun barna frá því að áætlun var gerð fyrir árið 2024 er 216 börn sem þarf fjármagna um kr. 170 þúsund á ári. Samtals 104,3 m.kr. á ári.

Miðað við að fjármagn hækki upp í 170 þús. pr. barn fyrir haustönn árið 2024 þarf hækkun að vera samtals kr. 43,5 m.kr. og kæmi hún inn í ágúst.

Verkefni 6: Sundkennsla barna á mið- og unglíngastigi sem eru ósynt

Markvisst íþrótt- og hreyfinám hefur góð áhrif á líkamlega heilsu sem og andlega heilsu barna. Sundiðkun er mikilvægur hluti af menningu Íslendinga. Á undanförunum árum hafa sífellt fleiri börn flust til landsins sem eru ósynt og fara mörg þeirra á mis við þessa þjálfun. Mikilvægt er að skipuleggja sérkennslu fyrir þennan hóp barna svo hægt sé að standa fyrir byrjendanámskeið í sundi sem hæfa menningarbakgrunni þeirra. Svo að þau geti sem fyrst tekið þátt í almennu sundnámi með jafningjum sínum og notið þeirra lífsgæða þegar fram í sækir að geta stundað sund í daglegu lífi.

Pottur fyrir sérkennslu í sundi. Fjárhæðin komi sem fyrst í ramma SFS.

Samtals: 6 m.kr. pr. ár.

Verkefni 7: Túlkapottur

Árið 2017 var settur á miðlægur pottur fyrir túlkaþjónustu í leikskólum, grunnskólum og í frístundastarfi.

Frá þeim tíma hefur fjöldi barna í leikskólum, með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn, farið frá því að vera 1.225 börn árið 2017 í 1.732 börn árið 2022. Í grunnskólum hefur fjöldinn farið úr 2.236 börnum árið 2017 í 3.212 börn árið 2022. Einnig var, árið 2019, tekið til notkunar sænska stöðumatstækið sem metur námsstöðu barna í grunnskólum, sem nýflutt eru til landsins, á sínu móðurmáli eða sterkasta tungumáli. Þetta hefur kallað á enn frekari kostnað í túlkaþjónustu og duga núverandi fjárheimildir einungis fyrir litlum hluta af þeim kostnaði. Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla skal leggja stöðumat fyrir nemendur af erlendum uppruna á sterkasta tungumáli þeirra (aðalnámskrá grunnskóla kafli 7-13).

Á árinu 2022 var kostnaður við aðkeypta túlkapjónustu grunnskóla um 49 m.kr. en úthlutaðar fjárheimildir hafa verið um 16 m.kr. Halli á árinu 2022 var um 33 m.kr. Halli á túlkapjónustu grunnskóla hefur aukist mikið frá árinu 2021 en þá var hann 18 m.kr. Til viðbótar bætist túlkapjónusta vegna stöðumat vegna nýrra nemenda (sænska matstækið).

Á árinu 2022 var kostnaður við aðkeypta túlkapjónustu leikskóla um 14 m.kr. en fjárheimildir hafa verið 7,5 m.kr. Halli á túlkapjónustu leikskóla hefur verið um 6,5 m.kr.

Viðbótarkostnaður vegna túlkapjónustu grunnskóla 53 m.kr. á ári.

Viðbótarkostnaður vegna túlkapjónustu leikskóla 6,5 m.kr. á ári.

Samtals 59,5 m.kr. sem komi inn þegar fjárhæð í fyrirliggjandi potti er uppurin, eða frá 1. ágúst.

Samantekt:

Verkefni	2024	2025
	M.kr	M.kr
Stuðningsteymi vegna barna á flóttu með mikla áfallasögu	17,4	41,7
Spænskumælandi brúarsmiður	6,1	14,5
Kennsluráðgjafar í fjölmenningu	38,9	58,3
Stöðugildi í íslenskuver	23,9	57,5
Úthlutun í ísl2	43,3	104,3
Sundkennsla barna sem eru ósynd	6,0	6,0
Túlkapottur	59,5	59,5
Samtals	195,1	341,8

Miðað við þessar tillögur eru farið fram á að auknar fjárveitingar komi að mestu frá og með 1. ágúst 2024.